

Nd.

1016. Breytingartillaga

[16. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 1985, um húsnæðissparnaðarreikninga.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (JBH, SvG).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Hefji reikningseigandi byggingu íbúðarhúsnæðis eða kaupi íbúðarhúsnæði til eigin nota, eða tryggi sér ótímabundinn afnotarétt íbúðar með greiðslu ákveðins hluta af stofnkostnaði íbúðarhúsnæðisins með þeim kvöðum sem greindar eru í 4. mgr. 58. gr. laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, eða kaupi sér eignarhlut í leiguíbúð skv. 4. mgr. 58. gr. þeirra laga, sbr. c-lið 33. gr. laganna, þá skal innstæðan þó laus. Úttektarfjárhæð má ekki fara fram úr verði því sem greitt er fyrir íbúð eða eignarhlut í íbúð né vera hærri en nemur því framlagi sem greitt var til tryggingar afnotarétti íbúðar. Innstæðan skal laus frá þeim tíma sem reikningseigandi staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að byggingin sé hafin, eða þegar hlutadeigandi staðfestir kaup á eignarhlut í íbúð eða greiðslu framlags til tryggingar afnotarétti íbúðar, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn. Sama gildir ef reikningseigandi hefur lagt í verulegar endurbætur á eigin íbúðarhúsnæði enda nemi kostnaður við endurbæturnar a.m.k. 20% af fasteignamati húsnæðisins í ársbyrjun og reikningseigandi framvísi vottorði skattstjóra þar að lútandi. Úttektarfjárhæð má þó eigi fara fram úr kostnaðinum við endurbæturnar.